



Fundargerð

Fimmtudaginn 15. febrúar 2018 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 10.00 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar. Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Jón Gíslason, Vignir Sveinsson og Halldór G. Ólafsson. Auk þess sátu fundinn: Sara Lind Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri og Magnús B. Jónsson, framkvæmdastjóri félagsþjónustunnar. Valgarður Hilmarsson var í símasabandi inn á fundinn til kl 11.40

Formaður stjórnar, Jón Gíslason, setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Uppgjör lífeyrisskuldbindingar við Brú lífeyrissjóð.

Fyrir fundinum lá samkomulag um uppgjör milli Brúar lífeyrissjóðs og Félags- og skólaþjónustu A-Hún þar sem er gerð grein fyrir lífeyrisskuldbindingunni.

Svohljóðandi bókun var samþykkt:

Stjórn Félags og skólaþjónustu A-Hún samþykkir með 4 samhljóða atkvæðum fyrirleggjandi kröfu frá Brú lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga sem er tilkomið vegna samkomulags aðila vinnumarkaðarins á breytingum á lífeyrissjóðakerfinu, á A-deildum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, sbr. breytingar á lögum nr. 1/1997 með lögum nr. 127/2016 og breytingum á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs frá 8. maí 2017 sbr. staðfestingu fjármála- og efnahagsráðherra frá 1. júní 2017.

Heildarskuldbinding Félags- og skólaþjónustunnar samkvæmt samkomulaginu er að fjárhæð kr. 8.445.647 sem skiptist þannig að framlag í jafnvægissjóð er kr. 821.779, framlag í lífeyrisaukasjóð er kr. 6.883.338 og framlag í varúðarsjóð er kr. 740.530.

Stjórnin samþykkir jafnframt að krafa lífeyrissjóðsins verði greidd af handbæru fé byggðasamlagsins.

Stjórnin fól framkvæmdastjóra að ganga frá uppgjöri vegna kröfu Brúar lífeyrissjóðs og að undirrita samkomulag við lífeyrissjóðinn um uppgjörið.

2. Fjárhagsyfirlit, rekstur 2017

Fyrir fundinum lá samantekt um rekstur ársins 2017 þar sem gerður er samanburður á rekstarliðum og fjárhagsáætlun ársins. Samkvæmt samantektinni má gera ráð fyrir að rekstur A-hluta verði í samræmi við fjárhagsáætlun og B-hluti skili nokkrum rekstrarafgangi.

3. Eignir, viðhald og endurbætur

Fyrir fundinum lágu gögn um viðhald og endurbætur vegna fasteigna Félags og skólaþjónustunnar. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu mála vegna hvernar eignar:



- Skúlabraut 22

Teikningar af fyrirhuguðum breytingum á baðherbergjum samþýlisins lágu fyrir og gróft kostnaðarmat. Eftir er að ljúka framsetningu verkþátta og endanlegri kostnaðaráætlun. Framkvæmdastjóri óskaði heimildar til að ganga frá verkamningi á forsendum einingaverða og miða við að verkið verði unnið sem fyrst. Samþykkt.

Einnig lá fyrir fundinum minnisblað Form arkitekta um símafund við framkvæmdastjór þar sem Ágúst Hafsteinsson tók að sér að gera tillögu um uppbyggingu íbúðakjarna fyrir fatlaða með viðbyggingum við Skúlabraut 22 og gera jafnframt tillögur um hvernig væri hægt að breyta húsinu í þeim tilgangi. Minnisblaðið var til kynningar.

- Ægisgrund 2-8

Tilboð í gluggasmíði lágu fyrir fundinum ásamt teikningum af gluggum í vesturhlið hússins. Hagstæðasta tilboð kom frá Gluggalausnum ehf. Samþykkt að taka hagstæðasta tilboði. Framkvæmdastjóri óskaði heimildar til að semja um framkvæmdin. Samþykkt.

- Hnitbjörg

Fyrir fundinum lágu uppdrættir af breytingum á skipulagi íbúða í Hnitbjörgum ásamt kostnaðarmati á breytingum á einni íbúð. Umræður urðu um hvernig best væri að standa að breytingum á íbúðum. Samþykkt að fresta aðgerðum um sinn og sæta lagi við íbúaskipti að fara í breytingar. Rætt var um hvort eigi að láta malbika aðkomu að Hnitbjörgum þar sem malbikunarframkvæmdir verða á svæðinu í sumar. Samþykkt.

Samþykkt að láta gera nauðsynlegar endurbætur á snjóbræðslukerfi hússins skv. fyrirliggjandi tilboði í verkið.

- Sæborg

Framkvæmdastjóri greindi frá því að undirbúningur væri ekki hafinn að endurbótum á þakkanti hússins en breytingar hafi verið gerðar á vatnskerfi hússins þannig að varmaskiptir var settur á neysluvatnslagnir.

4. Starfsmannahald

Félagsmálastjóri greindi frá því að sameiginlegum starfsmanni félagsþjónustu og málefna fatlaðra hafi verið sagt upp 25% starfshlutfalli við málefni fatlaðra. Starfsmaður sé í 50% starfi hjá Félags og skólaþjónustunni. Fram kom að uppsögnin var gerð án samráðs eða upplýsinga af hálfu málefna fatlaðra.

Framkvæmdastjóri greindi frá því að endurnýjun ráðningasamnings við félagsmálastjóra sé í vinnslu og fór yfir nokkur atriði sem því tengjast.

5. Önnur mál

Framkvæmdastjóri kynnti yfirlit um leiguverð íbúða og annars húsnæðis á vegum Félags og skólaþjónustu. Í samantektinni kemur fram hvert leiguverð yrði við 10% hækkun. Samþykkt að hækka leigu á húsnæði um 10% að þriggja mánaða fyrirvara. Jafnframt samþykkt að endurreikna leiguverð þeirra íbúða sem gerðar verða umtalsverðar breytingar á.



Félags- og skólabjónusta A- Hún

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 12.20

Jón Gíslason,

Vignir Sveinsson,

Valgarður Hilmarsson,

Halldór G. Ólafsson

Sara Lind Kristjánsdóttir

Magnús B. Jónsson